



LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **2015-004-F-001**

Dags: **6. febrúar 2015**

Staður: **Keflavíkurflugvöllur**

Lýsing: **Rafmagnslaust á Keflavíkurflugvelli**

Þann 6. Febrúar klukkan 13:06 varð rafmagnslaust á Keflavíkurflugvelli, eftir að þakplata f auk á spennistöð í Fitjum í Reykjanesbæ. Helstu flugleiðsögukerfi flugvallarins eru tengd rafhlöðum sem taka við ef rafmagnslaust verður. Einnig eru tæki í flugturni tengd rafhlöðum. Undanskildar eru tengingar á milli flugturns og kerfa úti á flugbrautum og því bærust ekki gögn þar á milli. Þetta átti t.d. við gögn frá veðurathugunarkerfi flugvallarins sem og flugleiðsögubúnaði. Ratsjá og fjarskipti virkuðu án vandkvæða og var því flugvöllurinn starfhæfur fyrir sjónflug, en slík skilyrði voru á flugvellinum. Klukkan 13:08 voru ljósavélar komnar í gang og þá virkuðu gagnatengingar aftur. Tveimur mínútum síðar fóru ljósavélar að slá út sitt á hvað og við það varð flökt á gagnaflutningum. Við álagsprófun kom í ljós að vandamálið var tengt West-end (NATO) svæðinu á flugvellinum. Í kjölfarið, klukkan 13:56, var straumur tekinn af West-end svæðinu, enda engin starfsemi þar á þessum tíma. Eftir það héldust ljósavélar inni og öll kerfi virkuðu aftur og því hægt að sinna blindflugspjónustu á flugvellinum. Alls lá blindflugspjónusta niðri í 50 mínútur. Hafði það engin áhrif á flug til flugvallarins á þeim tíma.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 31. desember 2015.